

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

#### 1. gr.

Tollskrárnúmerin 4403.9100 og 4403.9900 bætast við í upptalningu tollskrárnúmera í viðauka I við reglugerðina.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 109. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og 37. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi 1. janúar 2000.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 1999.*

**Geir H. Haarde.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 899

16. desember 1999

## REGLUR

### um rektorskjör.

Reglur um hvernig staðið skuli að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

#### 1. gr.

##### *Auglýsing.*

Menntamálaráðherra auglýsir embætti rektors laust til umsóknar.

#### 2. gr.

##### *Skilyrði um embættisgengi.*

Embættisgengir eru þeir einir, sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið prófessorar eða dósentar við háskólann í fullu starfi.

#### 3. gr.

##### *Skipunartímabil.*

Skipunartímabil rektors er fimm ár, frá 1. júlí að telja til 30. júní að fimm árum liðnum, sbr. þó 11. gr. þessara reglna og ákvæði til bráðabirgða.

#### 4. gr.

##### *Kjörstjórn.*

Verkefni kjörstjórnar er að hafa fyrir hönd háskólaráðs umsjón með gerð kjörskrár, ákveða kjördag, annast framkvæmd kosninga, úrskurð kærumála vegna kosninga, utankjörfundaratkvæðagreiðslu og annað er að kosningunni lýtur, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

Þegar umsóknarfrestur um embætti rektors er liðinn, skipar háskólaráð kjörstjórn. Kjörstjórn skal skipuð sex mönnum, tveimur úr hópi stúdenta og fjórum úr hópi starfsmanna háskólans, og skal einn þeirra síðartöldu skipaður formaður kjörstjórnar. Falli atkvæði jöfn í kjörstjórn sker atkvæði formanns úr. Háskólaráð ákveður þóknun kjörstjórnar. Heimilt er kjörstjórn að ráða sér aðstoðarmenn.